



Samkomulag um styrk 2021

1. Styrkveitandi

Félagsmálaráðuneytið, Skógarhlíð 6, 105 Reykjavík.
Kennitala: 521218-0610 – Netfang: frn@frn.is.

Tengiliður styrkveitanda: Lovísa Lilliendahl, skrifstofu barna- og fjölskyldumála	Málsnúmer styrkveitanda: FRN20060264
---	---

2. Styrkþegi

Styrkþegi: Bjarkarhlíð - þjónustumiðstöð fyrir þolendur ofbeldis v/Bústaðarveg 108 Reykjavík Kt. 680817-0300	Forsvarsmaður/tengiliður styrkþega: Þorbjörg I. Jónsdóttir, stjórnarformaður.
--	--

3. Verkefni

Lýsing verkefnis sem styrkt er: Í samræmi við aðgerð C.10 í áætlun fyrir árin 2019-2022 um aðgerðir gegn ofbeldi og afleiðingum þess, felur félagsmálaráðuneytið Bjarkarhlíð að hafa umsjón með framkvæmdateymi um mansalsmál. Um er að ræða framlengingu til eins árs á tilraunaverkefni sem staðið hefur yfir frá 1. júlí 2020. Sjá nánari lýsingu á verkefni í fylgiskjali.

4. Styrkur

Ákvörðun um styrk: Félagsmálaráðuneytið veitir Bjarkarhlíð 3 m.kr. fjárframlag til þess að sinna verkefninu.		
Heildarfjárhæð styrks: 3.000.000 kr.	Innleggsreikningur: 0133-26-013108	Fjárlagaliður: 07-190-190

5. Greiðslur

Við undirskrift verða greiddar 3,0 m.kr. inn á bankareikning í viðskiptabanka samtakanna.

6. Skilmálar

Styrkþegi skal veita styrkveitanda upplýsingar um verkefnið, sem styrkurinn er veittur til, hvenær sem óskað er. Styrkþegi skal senda félagsmálaráðuneytinu greinargerð um stöðu verkefnis og notkun fjármuna vegna þess fyrir 31. desember 2021 og skila lokaskýrslu fyrir 1. júní 2022 á netfangið frn@frn.is.

7. Notkun styrks

Styrkþegi ábyrgist að styrknum verði eingöngu varið til verkefnisins og þeirra markmiða sem lýst er í 3. gr. þessa samkomulags.

8. Upplýsingagjöf, uppgjör og endurskoðun

Styrkveitanda er heimilt að kalla eftir upplýsingum um verkefnið hvenær sem óskað er. Styrkþega er skylt að upplýsa styrkveitanda tafarlaust um atvik sem valda því að styrkþegi getur ekki sinnt verkefninu á þann hátt sem ráðgert var og ákvörðunin um styrkveitinguna byggist á. Sama á við ef styrkþegi getur ekki uppfyllt þá skilmála sem fram koma í þessu samkomulagi.

Styrkþegi skal tryggja að með persónuupplýsingar sé farið í samræmi við lög nr. 90/2018 um Persónuvernd og vinnslu persónuupplýsinga. Ríkisendurskoðun er heimilt að kalla eftir greinargerð um ráðstöfun styrksins og meta hvort hann hafi skilað þeim árangri sem að var stefnt.